



## Upplýsingar um augnlæknaþjónustu í Vestmannaeyjum


Þann 1 október s.l. var formlega opnuð augnlæknaþjónusta hér í Vestmannaeyjum. Lions klúbburinn ásamt 50 öðrum félögum og fyrirtækjum gaf HSU í Vestmannaeyjum 5 tæki fyrir augngreiningu.

Það er ekki augnlæknir á staðnum en Svetlana Luchykh starfsmaður HSU framkvæmir öll nauðsynleg próf og tekur myndir.

Allar mælingar eru svo sendar í úrlestur til Sjónlags og augnlæknir tekur ákvörðun varðandi næstu skref í greiningu augnsjúkdóma og meðferð.

Augnlæknir ráðleggur að fólk á öllum aldri komi **reglulega í augnskoðun:**

- undir 40 ára á 5-10 ára fresti;
- 40-60 ára á 2-3 ára fresti;
- 60 ára og eldri á 1-2 ára fresti.



### Augnlæknaþjónusta tekur á móti öllum

einstaklingum sem vilja koma í reglulega augnskoðun, sérstaklega fólk sem er með fjölskyldusögu um gláku, sjúklingar með sykursýki típu 1 og 2, langvarandi blóðþrýstingshækkun (það er nauðsynlegt að hafa reglulegt eftirlit með æðakerfi í augnbotni), einnig sjúklinga með langvarandi augnsjúkdóma eins og gláku, hrörnun í augnbotnum (age-related macular degeneration - AMD), diabetisk retinopathia og fl.

Mælt er með að allir sem haldnir eru sykursýki fari reglulega í augnskoðun.

Þeir sem eru á insulinsprautum ættu að fara árlega, en þeir sem eru á töflum annað hvert ár sem viðmiðun, en síðan er bilið milli skoðana lengt eða stytt eftir ástandi augnbotnanna.

Tilgangur eftirlitsins er að greina sykursýkisskemmdir í augnbotnum áður en þær ná að skaða sjón og meðhöndla þær t.d. með leysigeislum eða

lyfjum. Með því móti má draga mikið úr sjónskerðingu og blindu af völdum sykursýki.

**Eftirfarandi rannsóknir eru gerðar hjá augnlæknaþjónustu í Eyjum:**

- sjónmæling;
- augnþrýstingsmæling ;
- myndataka af augnbotni;
- sneiðmyndataka af augnbotni;
- sjónsviðsrannsókn (í völdum tilvikum til að kanna hvort um gláku sé að ræða).

Augnlæknaþjónusta í Eyjum **sér ekki um** gleraugnarecept, lyfseðil eða lyfjaendurnýjun.

**Ef um bráða sjónskerðingu er að ræða** (blæðing inn í glerhlaup – Vitreous Hemorrhage; sjónhimnulos – Retinal Detachment; blóðtappi í auganu – Retinal Vascular Occlusion) eða augnskaða (Trauma), efnauppstreymi augnbruna (Chemical burns), aðskotahlutur í auga (Foreign bodies) er nauðsynlegt að hafa samband við vakthafandi heilsugæslulækni eða augnlækni .

Sjúklingar með tárabólgu (Conjunctivitis), hvarmabólgu (Blepharitis) eða ofnæmisbólgu þarf að leita til heilsugæslulæknis.

**Greining augnvandamála hjá börnum** er framkvæmd hjá barnaugnlækni.

**Augnskoðun er uppá 3. hæð, inngangur er í kjallara norðan megin.**

**Tímapantanir alla virka daga, milli 08:00-16:00 í afgreiðslu HSU Vestmannaeyja í síma 432 2500.**